

Ed.

527. Nefndarátt

um frumvarp til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var borið fram í háttv. neðri deild, og hefir nefndin ekki haft það nema stuttan tíma til ihugunar. Þó hefir það verið rætt á nokkrum fundum. Þeir nefndarmenn vilja lofa málinu að ganga fram, en 2 eru á móti, og munu þeir koma með sjerstakt álit.

Frv. þetta er aðeins heimildarlög fyrir stjórnina til að veita fjelagi, er stofnað kann að verða, heimild til að reka happdrætti hjer á landi, gegn allháum skatti í ríkissjóð.

Meiri hlutanum er kunnugt, að áreiðanlegir menn, bæði innlendir og útlendir, vilja taka að sjer rekstur slíks happdrættis og aðalframkvæmdarmaður hinna útlendu manna er hæstarjettarmálaflutningsmaður Frederik Winter í Kaupmannaböfn, sem mun hafa trygt fyrirtækinu nægt tryggingarfje, ef einkaleyfið yrði veitt því fjelagi, sem hann stendur fyrir. Barst hingað svo hljóðandi skeyti frá honum til herra Sturlu Jónssonar kaupmanns hjer í bænum, dags. 4. mars þ. á.: »Garantikapitalen i orden stop garanterne rede deponere samme med faa dages varsel«.

Nefndinni var það þegar ljóst, að eigi væri hugsanlegt að selja hjer á landi nema lítinn hluta af þeim seðlum, sem frv. heimilar að gefa út. Hinsvegar vissi nefndin, að í nágrannalöndunum, að minsta kosti í Danmörku og Svíþjóð, er bannað að selja útlenda happdrættismiða. Nefndin áleit sjer því skylt að fá vitneskju um, hvort til stæði að selja seðlana í þeim löndum, þar sem bannað er að selja útlenda happdrættismiða. Og ljet hún því sima nefndum málaflutningsmanni fyrirspurn um þetta, fyrir milligöngu herra Sturlu Jónssonar, og fjekk hann 2. þ. m. svo hljóðandi svar:

»Salget vil foregaa overensstemmende med andre staðsanerkendte lotteriers teknik. Jævnfór dansk kongel. klasselotteri«.

Það virðist því auðsætt, að sedla þessa á ekki að selja sem forboðna vöru í einu landi, heldur þar, sem salan er frjáls. Má í því sambandi benda á, að t. d. danska Kolonial-lotteriið hefir ekki leyfi til að selja nema litinn hluta af happdrættismiðum sínum í Danmörku. Hinn hlutann selur það í öðrum löndum, þar sem salan er frjáls.

Meiri hlutanum finst, að ekki sje meira niðrandi fyrir Ísland en Danmörku að reka happdrætti á þennan hátt, og það því síður, sem landið nú kúgast undir drepani sköttum, og að margt er fram undan ógert, sem gera þarf. Það er ómögulegt með vissu að giska á, hversu mikilla tekna rikissjóðurinn mundi njóta árlega. Það fer eðlilega eftir því, hversu vel seðlarnir seljast. En samkvæmt frv. geta tekjur rikissjóðs orðið minstar 100 þús. kr. á ári. En seljist seðlarnir allir, ættu tekjur rikissjóðs að verða yfir 800 þús. kr. á ári.

Það er eðlilegt, að skiftar sjeu skoðanir manna um það, hvort stofna eigi yfir höfuð slíkt happdrætti hjer á landi. Menn óttast, að hjer myndist spilafíkn og eyðsla, umfram það, sem er nú, en örðugt mun reynast að fyrirbyggja eyðslusemi manna með lögum, enda sýnir reynslan, að lög, sem stefna í þessa átt, eru mjög vanhaldin, svo sem bannlögin o. fl. Og þó vjer höfum nú á þessu þingi bannað sölu á útlendum happdrættisseðlum, þá mundi það vera of mikil hjartsýni að ætla, að fyrir þá sölu væri girt með lögnum, því að slík verslun getur svo auðveldlega farið fram í lokuðum brjefum. Sparnaður á öllum sviðum getur læplega skapast með lögum, heldur með auknum andlegum þjóðarþroska. Og vel má haga hlutaveltufyrirkomulaginu svo, að bláfátækir menn kaupi ekki happdrættisseðla, og má gera það með því að hafa seðlana alldýra, t. d. með því að selja aldrei minna en $\frac{1}{4}$ seðil. En slíku fyrirkomulagi ræður ríkisstjórnin alveg samkvæmt frumvarpinu.

Með þessum ummælum leyfir meiri hlutinn sjer að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1926.

Björn Kristjánsson,
form. og frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskrif.

Gunnar Ólafsson.